

Stjórnarfundur foreldrafélagsins 24. okt. 2017

Mæting:

- Sigríður Þrúður
- Signý
- Fjóla
- Björg, fundarritari

Úr fyrri stjórn komu

- Fanney Long
- Örn fulltrúi foreldra í skólaráði

Stjórnin

Breytingar hafa orðið á stjórn síðan á aðalfundi. Úr stjórn hafa gengið Kristófer Karlsson og Bjargey Ingólfssdóttir. Það þarf að ganga í að fá fleiri í stjórn + fá nýjan formann. Sigríður Þrúður heldur á keflinu þar til annar formaður finnst.

Gjaldkeraskipti

Signý tekur við af Fanney – formlega var gengið frá því og skrifað var undir breytingar á prókúru gjaldkera. Einn bekkur/árgangur þegar búinn að óska eftir styrk.

Ítreka: Senda út bankakröfur, gjaldið hefur verið hækkað í 3000.

Bekkjarfulltrúar

Búið að óska eftir lista af bekkjarfulltrúum. Það gekk ágætlega að manna það.

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa verður haldið 15. nóv.

Jólafondur

Fá yngsta stig til að sjá um jólaföndur 25. nóv. Sigríður sendar póst.

10. bekkur getur þá verið með og séð um kaffisölu.

Foreldrarölt

Foreldraröltið rætt – ákveðið að koma því á aftur. Fjóla og Signý fulltrúar stjórna á fundi hjá lögreglunni þann 30. okt. Kl. 20, vegna röltisins.

Húsnæðismál

Kennaraþing hefur verið haldið vegna nýs skóla – og hugmyndir skráðar. Íbúaðing verður haldið fljótlega (sennilega 11. nóv) í kjölfar nemendabings þar sem fulltr nemenda kynna hugmyndir.

Ingvar Sigurgeirsson mun stýra hugmyndavinnunni. Vinna punktka til hönnuða.

Frá síðast:

Uppfæra þarf lista á heimasíðu skólans og ræða við Völu

Fleira var ekki á dagskrá.

Fundi slitið.